

Alþingi
Erindi nr. P 143/445
komudagur 28.11.2013

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 28.11.2013
Tilv. 0585/2012 - 0.2.1

Efni: Umsögn vegna frumvarps til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 - úthafsrækja og rækja við Snæfellsnes.

Fiskistofa hefur fengið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, þingskjal 178 - 153. mál. Stofnunin telur tilefni til að koma eftirfarandi athugasemd á framfæri.

Fiskistofa telur ekki hafið yfir vafa hver afstaða frumvarpsins er til úthafsrækju sem veidd er á Dohrnbanka, þ.e. hvort hún skuli talin með til úthafsrækju samkvæmt frumvarpinu eða ekki. Í því sambandi vill stofnunin vekja athygli á að líkindi eru á að einhver hluti þess rækjuafla sem þar var veiddur á fiskveiðiárunum 2009/2010 og 2010/2011 hafi verið skráður sem úthafsrækja en ekki skráð sérstaklega líkt og reglur gera ráð fyrir. Skýring þessa er að á þeim tíma sem úthafsrækja var bundin í kvóta voru rækjuveiðar á Dohrnbanka ekki bundnar aflamarki. Því höfðu útgerðir hagsmuni af því að halda skráningu Dohrnbankarækju aðgreindri frá annarri úthafsrækju. Þegar veiðar á úthafsrækju voru gefnar frjálssar voru ekki þessir sömu hagsmunir til staðar og því má gera ráð fyrir að skráningu sé í einhverju tilvikum áfátt. Fiskistofa gekk hins vegar harðar eftir því á síðasta fiskveiðiári - 2012/2013 - að Dohrnbankarækjan væri skráð sérstaklega og voru þá skráð u.þ.b. 341 tonn.

F. h. Fiskistofu

Hrefna Gísladóttir